

Miðvikudaginn 17. febrúar 1988.

Nr. 40/1988. **Orri hf.**

gegn

Byggingariðjunni hf.

Endurupptaka einkamáls.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Með bréfi 27. janúar 1988 hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð bæjarþings Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 25. janúar 1988. Krefst hann þess, „að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómarann að endurupptaka bæjarþingsmálið nr. 10/1988: Byggingariðjan h/f gegn Orra h/f, svo að umboðsmanni kæranda gefist færi á að skila greinargerð af sinni hálfu í málinu. Ekki er gerð krafa um kærumsálskostnað.“

Varnaraðili gerir þær kröfur aðallega, að kærðu sóknaraðila verði vísað frá Hæstarétti en til vara að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Í báðum tilfellum krefst hann „málskostnaðar fyrir þennan þátt málsins“.

Unnur Gunnarsdóttir, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík, kvað upp hinn kærða úrskurð. Úrskurðurinn, sem er án forsendna, er svohljóðandi:

„Kröfu Orra hf. um að bæjarþingsmálið nr. 10/1988 Byggingariðjan hf. gegn Orra hf. verði endurupptekið er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.“

Í desember 1987 höfðaði varnaraðili ofangreint bæjarþingsmál og var málið þingfest á reglulegu bæjarþingi 7. janúar 1988. Lögmaður sóknaraðila, sem hafði tekið að sér vörn í bæjarþingsmálinu, fól tilteknum héraðsdómslögmanni að sækja dómþing við þingfestingu málsins og fá tveggja vikna frest til ritunar greinargerðar. Héraðsdómslögmaðurinn, sem hafði tekið að sér að mæta í mörgum málum fyrir ýmsa lögmenn, var staddur á dómþinginu meðan það stóð yfir. Þó þurfti hann oftár en einu sinni að svara í síma, sem er fyrir utan bæjarþingsstofuna. Svo fór, að málið var þingfest án þess að hann veitti því athygli. Var því bókað, að um útivist væri að ræða og var málið dómtekið. Þegar lögmaður sóknaraðila frétti

Þetta hafði hann strax samband við lögmann varnaraðila, sem neitaði um endurupptöku málsins. Með bréfi 12. janúar 1988 óskaði lögmaður sóknaraðila þess við héraðsdómarann, að málið yrði endurupptekið. Þessi krafa lögmannsins kom til umfjöllunar á bæjarþinginu 22. sama mánaðar. Komu þá fyrir dóminn til skýrslugjafar Einar Hálfðanarson lögfræðingur, framkvæmdarstjóri varnaraðila, áðurgreindur héraðsdómslögmaður og hæstaréttarlögmaður, sem kunnugur er starfsháttum á reglulegum bæjarþingum. Að því loknu fór fram munnlegur málflutningur um endurupptökukröfuna. Kvað héraðsdómarinn upp úrskurð sinn 25. janúar eins og áður er frá greint.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að heimild hans til að kæra mál þetta til Hæstaréttar sé lögjöfnun frá b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 svo og fordæmi í dómum Hæstaréttar 1952/486, 1947/555 og 1940/411. Upplýst sé, að nefndur héraðsdómslögmaður hafi haft fyrirsmæli um að sækja þing í málinu og taka frest. Héraðsdómslögmaðurinn hafi verið viðstaddur allt bæjarþingið og því sótt þing í skilningi 118. gr. laga nr. 85/1936. Eigi hafi því verið um að ræða útivist af hálfu stefnda í héraði. Beri því að endurupptaka málið samkvæmt 2. málslíð 3. mgr. og 4. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 28/1981.

Aðalkrafa varnaraðila er á því byggð, að engin heimild sé til að skjóta ágreiningsmáli þessu til Hæstaréttar með kæru, enda eigi b-liður 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga 75/1973 ekki hér við og lögjöfnun sé óheimil. Þá eigi tilvitnuð fordæmi Hæstaréttar ekki við, enda hafi lagabreytingar orðið frá því að þeir dómar gengu. Varakrafan er á því reist, að umræddur héraðsdómslögmaður hafi ekki sótt þing í málinu og um forföll hafi ekki verið að ræða. Beri því að taka sýknukröfuna til greina.

Kæra þessi er heimil eftir 21. gr. 2. mgr. laga nr. 75/1973.

Á hinum reglulegu bæjarþingum í Reykjavík eru að jafnaði þingfest mörg mál. Þing sækja oftast nokkrir lögmennt sem hafa hver fyrir sig tekið að sér að mæta í málum á vegum annarra lögmanna, oft margra. Eftir að fram var komið að ekki var vegna stuttrar fjarveru lögmanns úr bæjarþingsstofu mætt í máli þessu, var eftir 3. mgr. og 4. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936 rétt að endurupptaka málið.

Samkvæmt framansögðu ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið upp að nýju.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og ber að taka bæjarþingsmál nr. 10/1988 upp að nýju á bæjarþingi Reykjavíkur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 17. febrúar 1988.

Nr. 52/1988. **Ákæruvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Kolbrúnu Hafsteinsdóttur

(Sigurður Georgsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 10. þ.m. er barst Hæstarétti 12. þ.m. og krefst hún þess aðallega, að hinn kærði úrskurður „verði úr gildi felldur en til vara að gæsluvarðhaldið verði stýtt“. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.